

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjóð Thor Jensens-hjóna, útgefin 19 á venjulegan hátt ad mandatum 2. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 2. marz Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjóð Thor Jensens-hjóna.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir sjóður Thor Jensens-hjóna.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1938 af skólanefnd Mosfellsskólahverfis í Kjósarsýslu, og er nafn hans bundið við gefendurna, hjónin frú Margréti Þorbjörgu Jensen og Thor Jensen óðalsbónda á Lágafelli, er gáfu kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — til barnaskóla Mosfellsskólahverfis.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er ofanskráð eitt þúsund krónur, sem ávaxta skal í ríkis-tryggðum banka, sparisjóði eða verðbréfum. Skal  $\frac{1}{10}$  vaxta hans ávallt leggjast við höfuðstólinn, svo og  $\frac{1}{10}$  alls þess fjár, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja skólabörn héraðsins til vorferða um landið, er megi verða þeim til fróðleiksauka og skemmtunar.  $\frac{1}{10}$  hlutum af vöxtum sjóðsins má verja árlega í því skyni, svo og  $\frac{1}{10}$  hlutum þess fjár, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt. Falli niður vorferð af einhverjum ástæðum, er heimilt að nota þá fjárupphæð að auki næsta ár á eftir, og ef afgangur verður af  $\frac{1}{10}$  hlutunum, þá má nota hann á sama hátt.

Þegar sjóðseignin er orðin kr. 5000.00 -- fimm þúsund krónur — má úr því einnig ráðstafa nokkrum hluta vaxta hans í öðrum tilgangi en að ofan greinir, enda komi það skólabörnum hreppsins sem heild eða einstaka barni, er skarar fram úr að námshæfileikum, ástundun og siðprýði, til góða.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum skólanefndar Mosfellsskólahverfis í Kjósarsýslu.

### 6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á skólanefndarfundi, 3. des. 1938.

Skólanefnd Mosfellsskólahverfis.

Hálfdan Helgason. Ásta Jónsdóttir. Björn Birnis.